



Langminnsta neyslan á hverja gistinótt hjá Kínverjum


Heildarneysla erlendra ferðamanna hér á landi nam 383,4 mö.kr. á síðasta ári. Af þeirri tölu voru útgjöld þeirra til íslenskrar ferðapjónustu 322,1 ma.kr., eða um 84% af heildarútgjöldum þeirra hér á landi. Önnur neysla þeirra var ýmis verslun ótengd ferðapjónustu, 56,2 ma.kr., og önnur þjónusta um 5 ma.kr. Í þessum tölum er stuðst við heildarneyslu ferðamanna en ekki einungis kortaveltu sem mælir aðeins hluta af heildarneyslu erlendra ferðamanna hér á landi.

Sé litið á neysluútgjöld eftir þjóðerni sést að Svisslendingar eyddu langmestu á hvern ferðamann. Neysla þeirra í fyrra var 339,6 þúsund krónur á hvern ferðamann. Svisslendingar hafa skorið sig verulega frá öðrum þjóðum á síðustu árum hvað þetta varðar og verið efstir á þennan mælikvarða frá því Hagstofan hóf að halda utan um þessar tölur 2013. Næst á eftir voru Bandaríkjamenn með 210,3 þúsund og þar á eftir Bretar með 191,7 þúsund. Pólverjar reka lestina með 26,6 þúsund. Svo lítil neysla skýrist þó án efa að nokkru leyti af því að hluti þeirra Pólverja sem koma til landsins hafa hér fasta búsetu. Það sést vel þegar litið er til meðalfjölda gistinotta á hvern pólskan ferðamann á hótélum eða öðrum gististöðum. Dvalarlengd þeirra, þ.e. gistinætur á hvern ferðamann, er einungis 0,8 nætur og er þetta langlægsta gildið hjá þeim ferðamönnum sem hingað koma. Til samanburðar er sú þjóð sem kemur næst á eftir Pólverjum, Finnar, með 2,3 nætur.

Meðalneysla kínversks ferðamanns 98,2 þúsund


Neysla Kínverja á hvern ferðamann er svo næstlægst á eftir Pólverjum en hún nemur 98,2 þúsundum. Þar á eftir koma Japanir með 123 þúsund. Lítil neysla Kínverja skýrist ekki af því að þeir dvelji hér í mjög skamman tíma heldur fyrst og fremst af því að útgjöld þeirra hér á landi á hverja gistinótt nema einungis 21,5 þúsund krónum sem er langlægsta gildið meðal stærstu viðskiptavina íslenskrar ferðapjónustu. Til samanburðar er meðaltalið 43 þúsund krónur og nær neysla Kínverja því ekki að vera helmingurinn af meðalneyslunni. Lítil neysla

Útgjöld til ferðalaga á ferðamann eftir þjóðerni 2019



Mælir heildarútgjöld til ferðalaga, ekki einungis kortaveltu
Heimild: Hagstofa Íslands


Neysla á gistinótt á ferðamann



Telur einungis nætur á skráðum gististöðum. Heimagisting s.s. Airbnb eða gisting í bílum telst ekki með
Heimild: Hagstofa Íslands



Japaná skýrist einnig af lítilli neyslu á hverja gistinótt en neysla þeirra er þó 34,2 þúsund á hverja gistinótt sem er um 60% meiri neysla en hjá Kínverjum. Fjöldi gistinóttanna Japaná er 3,6 sem er undir meðallagi. Hluti af skýringunni fyrir lítilli neyslu bæði Kínverja og Japaná hér á landi er að ferðalagið hingað er langt og þ.a.l. dýrara en ferðalag flestra annarra ferðamanna sem sækja landið heim. Þjóðverjar eru með næstlægstu neysluna á gistinótt, eða 31,1 þúsund, en þeir bæta það upp með tiltölulega langri dvalarlengd. Dvalarlengd Þjóðverja er næst mest á eftir Sviss en Svisslendingar dvelja hér lengst, eða í 6,4 daga. Dvalarlengd Þjóðverja á síðasta ári voru 6,1 dagar en meðaltal þjóðanna sem hingað koma eru 4 dagar. Vegna langrar dvalarlengdar hífa Þjóðverjar upp neysluna á hvern ferðamann sem nemur 189 þúsund og eru þeir fimmtu í röðinni hvað varðar meðalneyslu á ferðamann.



Telur einungis nætur á skráðum gististöðum. Heimagisting s.s. Airbnb eða gisting í bílum telst ekki með
Heimild: Hagstofa Íslands

Hæsta neyslan á gistinótt hjá Norðmönnum

Hæsta meðalneyslan á gistinótt er hjá Norðmönnum og nam hún 72,4 þúsundum. Norðmenn hafa á síðustu fjórum árum verið með hæstu neysluna á hverja gistinótt. Þar á eftir koma Finnar með 59,7 þúsund og Kanadabúar með 54,6 þúsund. Skandinavíuþjóðirnar eru allar yfir meðaltali og hluti af skýringunni er eflaust sú að hlutfall neyslu þeirra vegna viðskiptaferða er umtalsvert hærra en gengur og gerist hjá öðrum þjóðum. Í slíkum ferðum er fólk gjarnan eitt á ferð eða með maka og án barna. Hlutfall útgjalda erlendra ferðamanna hér á landi vegna viðskiptaferða var 2,5% á síðasta ári. Hjá Skandinavíuþjóðunum lá þetta hlutfall á bilinu 7-9,8% og var það hæsta hlutfallið hjá þeim þjóðum sem sækja landið heim.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.